

Þingeyjarsveit
Kjarna
650 LAUGAR

Garðabær, 8. maí 2024
Málsnúmer: 202403-0065/66
BK

Efni: Sandabrot – Breyting á aðalskipulag og nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Þingeyjarsveit sem bárust í gegnum Skipulagsgátt þann 26. mars 2024 þar sem er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags fyrir Sandabrot.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Sandabrot. Deiliskipulagið nær yfir um 6,1 ha svæði og er fyrirhugað að reisa allt að 10 smáhýsi til útleigu fyrir ferðamenn auk einbýlishúss til fastrar búsetu. Samhliða nýju deiliskipulagi verður aðalskipulagi Skútustaðarhrepps breytt þar sem skilgreina á verslunar- og þjónustusvæði, sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um sama mál, síðast þann 8. febrúar 2024 um tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Sandabrotum.

Í fyrri umsögnum voru gerðar athugasemdir við að skipulagið nái yfir hraunjaðar frá sögulegum tíma (Hverfellsbruna).

Þá var í skipulagslýsingu minnst á hraundrýli sem Náttúrufræðistofnun hefur ekki upplýsingar um, hvorki gerð þeirra eða staðsetningu. Orðalaginu hefur hins vegar verið breytt og er nú einungis talað um hraun þar sem áður var talað um hraundrýli svo ef til vill var um ranga orðanotkun að ræða í lýsingunni. Hjá Hellarannsóknarfélagi Íslands eru einnig skráðir tveir hraunhellar í nálægð svæðisins sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þó að í tillögunum nú komi fram að óheimilt verði að raska hrauni þá væri æskilegt að gera grein fyrir þessum hellum ef þá er að finna innan eða í grennd svæðisins.

Einnig var bent á náttúruvá sem tengist gliðnunarprungum, s.s. Grjótagjá, og áhrif á landslag nálægra náttúruverndarsvæða með mikla landslagsfegurð.

Náttúrufræðistofnun vill að lokum benda á mikilvægi þess að lagt sé mat á samlegðaráhrif hvers kyns uppbyggingar á náttúruverðmæti og landslag þessa einstaka svæðis.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

